


FRUMSÝNING



ALFABAKKA

BÍLAR ísl. tal	KL. 1:30-3:50-8
CARS enskt tal	KL. 3:50-8-10:30
CARS enskt tal VIP	KL. 4:15-8-10:30
SLITHER	KL. 8-10:30
KEEPING MUM	KL. 3:30-5:45-8-10:20
SHE'S THE MAN	KL. 3:30-5:45-8-10:20
POSEIDON	KL. 5:30-10:30
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 1:30

KRINGLUNNI

BÍLAR ísl. tal	KL. 4-6:30
CARS enskt tal	KL. 4-5:30-8-9-10:30-11:15
SLITHER	KL. 10:30
POSEIDON	KL. 6:10
MI:3	KL. 8

KEFLAVÍK

BÍLAR ísl. tal	KL. 8
KEEPING MUM	KL. 10:10
SHE'S THE MAN	KL. 8
16 BLOCKS	KL. 10:15

AKUREYRI

BÍLAR ísl. tal	KL. 6-8
CARS enskt tal	KL. 6-8-10
SLITHER	KL. 10



CARS enskt tal	KL. 6-8:30-11
BÍLAR ísl. tal	KL. 6-7:15-8:30
KEEPING MUM	KL. 6-8:20-10:30
POSEIDON	KL. 6:10-8:20-10:30
MI:3	KL. 9:30-11



SMÁRA BÍÓ

JUST MY LUCK	kl. 5.40, 8 og 10.20
RV	kl. 3.40, 5.50 og 8
THE OMEN BL. 16 ÁRA	kl. 10.10
X-MEN 3 BL. 12 ÁRA	kl. 5.40, 8 og 10.20
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 BL. 14 ÁRA
DA VINCI CODE ILÚSUS	kl. 6 og 9 BL. 14 ÁRA
RAUBHETTA ÍSLENSKT TAL	kl. 3.40
ÍSÖLD 2 ÍSLENSKT TAL	kl. 3.40

REGBOGINN

JUST MY LUCK	kl. 5.40, 8 og 10.20
RV	kl. 5.50
TAKE THE LEAD	kl. 8 og 10.30
THE OMEN BL. 16 ÁRA	kl. 8 og 10.30
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 BL. 14 ÁRA
RAUBHETTA ÍSLENSKT TAL	kl. 6

LAUGARAS BÍÓ

STAY ALIVE	kl. 6, 8 og 10 BL. 16 ÁRA
TAKE THE LEAD	kl. 5.45, 8 og 10.20
16-BLOCKS	kl. 6, 8 og 10.10 BL. 14 ÁRA

BORGARBÍÓ

JUST MY LUCK	kl. 6, 8 og 10
RV	kl. 6 og 8
THE OMEN BL. 16 ÁRA	kl. 10

26 | AÞPREYING

Má bjóða þér á listsýningu?

Sumarið er tíminn til þess að lifa og njóta. Fátt er betra á góðum sumardegum en að bregða sér á listsýningu, gleðja augað og næra sálina.

101 Gallery – opunar-tími 14:00 – 17:00

Steinunn Þórarinsdóttir. Sýning frá 9. júní til 22. júlí. Ópið fimmtudaga, föstudaga, laugadaga frá 14-17.

101 Gallery – Hverfisgata, 101 Reykjavík

Alþjóðlegi listhópurinn Distill – opunartími 13:00 – 17:30

„Tíminn tvinnaður“. Alþjóðlegi listhópurinn Distill sýnir verk sem spannar sviðið frá tvíviðum hlutum í skúlptúra og innsetningar. Í hópnum eru listamennirnir Amy Barillaro, Ann Chuchvara, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Jaeha Yoo, Julie Poitras Santos, Patricia Tinajero Baker, Tse-hai Johnson.

Listasafn Reykjanesbæjar – Tjarnargötu 12, Keflavík

Ásgerður Búadóttir veflistakona – opunartími 09:00 – 20:00

Sumarsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju. Ásgerður Búadóttir sýnir í forkirkju Hallgrímskirkju. Ásgerður er frumkvöðull nútímaveflistar á Íslandi og hafa verk hennar ætíð haft sterka skírskotun til landsins og til náttúrunnar. Sýningin er í samvinnu við Listasafn Háskóla Íslands. Til 26. ágúst.

Hallgrímskirkja – Skólavörðuholti, 101 Reykjavík

Café Milanó – opunartími 09:00 – 23:30

Reynir Þorgrímsson – Reynomatic myndir, nærmyndir af náttúrunni, einstakar ljósmyndir unnar á striga. Skartgripir fjallkonunnar sem vakið hafa mikla athygli. Sérstaklega hagstætt verð í sumar. Nú geta allir keypt án þess að fara í greiðsludreifingu. Ópið frá kl. 9-23.30 alla daga út júlímánuð.

Café Milanó – Faxafen 11, 101 Reykjavík



Carnegie Art Award 2006

– opunartími 10:00 – 17:00

Sýning á listaverkum sem voru valin vegna úthlutunar listaverkaverðlaunanna Carnegie Art Award árið 2006. Sýningin endurspeglar brot af því helsta í norrænni samtímalist en meðal sýnenda eru fjórir íslenskir listamenn, meðal annars listmálarinn Eggert Pétursson sem hlaut önnur verðlaun þetta árið.

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús – Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Einfarar – opunartími 11:00 – 17:00

Sýningin Einfarar í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Á sýningunni er einstakt úrval næfistaverka í eigu hjónanna Áslaugar G. Harðardóttur og Jóns Hákonar Magnússonar. Meðal listamanna má nefna Ísleif Konráðsson, Þórð frá Dagerðará, Stórval og Kötur saumakonu.

Húsið á Eyrarbakka

Erró – Grafík – opunartími 10:00 – 17:00

Myndirnar eru frá ýmsum tímabilum í list Errós, þær nýjustu frá síð-

astliðnu ári. Við vinnslu málverka sinna gerir Erró samklipp, þar sem hann klippir og límir saman myndir sem hann hefur sankað að sér úr prentmiðlum samtímans.

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús – Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Fastasýning – opunartími 14-17

Höggmyndagardurinn við Freyjugötu er alltaf opinn.

Listasafn Einarssonar

– Njarðargötu, 101 Reykjavík

Maður og efni – verk Ás-



mundar Sveinssonar – opunartími 10:00 – 16:00

Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns, sem sýnir með hvaða hætti listamaðurinn notaði mismunandi efni – tré, leir, gífs, stein, brons og aðra málma – og hvernig sömu viðfangsefni birtast í ólíkum efnum. Listasafn Reykjavíkur, Ásmundarsafn, – Sigtún, 105 Reykjavík



Joris Rademaker sýnir í Listagilinu – opunartími 12:00 – 00:00

Sýningin heitir Mjúkar línur / Smooth Lines og var opnuð 1. apríl. Þetta er hluti af myndaröð sem enn er í vinnslu. Myndirnar eru unnar á striga og pappír á óhefðbundinn hátt. Unnið er með spagetti og grafítsprey. Sýningin stendur til 6. okt. 2006

Karólína Restaurant – Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri

Ljósmyndir frá Grænlandi í Norræna húsinu – opunartími 09:00 – 17:00

Sumarsýning í anddyri Norræna hússins 23. júní til 27. ágúst. Ljósmyndir frá Austur-Grænlandi eftir danska ljósmyndarann Ole G. Jensen. Ópið virka daga kl. 9-17. Laugardaga og sunnudaga kl. 12-17.

Norræna húsið – Sturlugötu 5, 101 Reykjavík

Maðurinn í náttúrunni – Náttúran í manninum – opunartími 11:00 – 17:00

Yfirlitssýning á verkum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. Unnið í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs. Safnbúð og kaffistofa. Til 3. júlí.

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn, – Hamraborg 4, 200 Kópavogur

Málverkasýning Ólafs Jónssonar – opunartími 12:00 – 20:00

Ólafur Jónsson, (iló) Berjalandi, Kjós opnaði málverkasýningu 1. júní sl. og verður hún opin í sumar.

Kaffi Kjós – Meðalfellsvegur, 270 Mosfellsbær

Myndlist – opunartími 14:00 – 00:00

Ósk Guðmundsdóttir sýnir handverk og málun í Menningarsal til 15. ágúst.

Hrafnista Hafnarfirði – Hraunvangi 7, 220 Hafnarfjörður

Patrick Huse, Innileg fjarvera – Intimate Absence – opunartími 11:00 – 17:00

Norski listmálarinn og ljósmyndarinn Patrick Huse opnar sýngu á ljósmyndum og málverkum í Hafnarborg laugardaginn 3. júní kl. 15. Sýningar hans eru viðamiklar og fara víða um heim en að þessu sinni kemur sýning frá Henie-Onstad listamiðstöðinni í Ósló. Sýningunni lýkur mánudaginn 3. júlí.

Hafnarborg – Strandgötu 34, 220 Hafnarfjörður

Rudolf L. Reiter – opunartími 10:00 – 18:00

Reiter sýnir um 20 myndverk sem hann hefur málað undir hughrifum frá Íslandsferð fyrir einu og hálfu ári. Þá ferðaðist hann um óbyggðir landsins og má sjá áhrif þess í myndunum sem hann sýnir.

Gallerí Sævars Karls – Bankastræti 7, 101 Reykjavík

Sessella Tómasdóttir – opunartími 09:00 – 18:00

Hugrenningar – Málverkasýning Sessellu Tómasdóttur myndlistarmanns í gamla Pakkhúsinu í Ólafsvík stendur til 17. júlí. Viðfangsefni sín sækir hún í Snæfellsjökul og hugsandi andlit og vinnur með akrýl- og olíumálningu á striga. Pakkhúsið í Ólafsvík – Ólafsbraut, 355 Ólafsvík


Skoðum myndlist – opunartími 10:00 – 17:00



Sýning fyrir unga listunnendur sem sett er upp í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Eddu-útgáfu um myndlist fyrir börn þar sem kynnt eru verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Til 3. des.

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir – Flókagötu, 105 Reykjavík

Sólveig Baldursdóttir Myndhöggvari mánaðarins – opunartími 11:00 – 17:00



Myndhöggvarar eru kynntir sérstaklega í Hafnarborg í samstarfi við Myndhöggvarafélagið í Reykjavík. Einn félagsmaður sýnir þar verk í sérstöku sýningarrými í anddyri safnsins. Verkið sem Sólveig sýnir er eitt skúlptúrverk unnið í Marmara

Rosso Verona.

Hafnarborg – Strandgötu 34, 220 Hafnarfjörður

Sumarsýning úr safneign

– opunartími 10:00 – 17:00

Sýning á verkum úr eigu safnsins þar sem fagurfræði er höfð að leiðarljósi við val verkanna og hefðbundin listasöguleg viðmið látin vikja fyrir samhljómi þeirra. Margir af helstu málurum þjóðarinnar eiga verk á sýningunni sem spannar tímabilið frá aldamótunum 1900 til upphafs 21. aldarinnar.

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir – Flókagötu, 105 Reykjavík

Sunna Sigfríðardóttir opnar sýninguna – opunartími 14:00 – 00:00

Opnun laugardag 3.6. kl. 14. Myndirnar eru af blómum. Myndirnar eru allar unnar með bleki á pappír. Myndirnar geta skipt um þýðingu eftir því hver horfir á þær. Sýningin heitir viðhorf vegna okkar eigin skoðana og hvernig viðhorf okkar eru mismunandi. Sýningin stendur til 30. júní 2006.

Café Karólína – Kaupvangsstræti 23, 600 Akureyri

Sýning í DaLí gallerí – opunartími 17:00 – 17:00

Sigurður Árni Sigurðsson, myndlistarmaður, sýnir í nýju gallerí á Akureyri, DaLí gallerí, Brekkugötu 9, Akureyri. Sýningin stendur yfir til 9. júlí.

DaLí gallerí – Brekkugata 9, Akureyri

Úlfur, úlfur – opunartími 14:00 – 18:00

Nú stendur yfir sýning Fjölnis Bragasonar „Úlfur Úlfur“ og stendur hún út júní. Opunartími er 14-18 virka daga.

Gallerí Úlfur – Baldursgötu 11, 101 Reykjavík

Hvað er að gerast?

Blaðið vill endilega fjalla um atburði lífandi stundar. Sendu okkur línu á gerast@bladid.net.

09.00 – Börn

Leikvellir ÍTR fyrir 2-5 ára börn kl. 09:00 – 16:30. Í sumar verða opnir leikvellir á vegum ÍTR fyrir 2-5 ára börn í hverfum borgarinnar. Þar er boðið upp á útivist og leik í öruggu umhverfi. Komugjald er 100 kr. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411-5000.

Rólúvellir Reykjavíkurborgar

10.00 – Námskeið

Námskeið í söng og leiklist. Kennend verða undirstöðuatriði í einbeitingu, trausti, raddbeitingu og leikgleði. Unnið er markvisst að því að virkja sköpunarkraft nemenda og að efla sjálfstraust þeirra. Þó svo að kennslan byggist aðallega upp á leiklistaræfingum verður einnig sungið og dansað. Ópið hús verður fyrir foreldra og aðstandendur hvern föstudag kl. 15.00, þar sem börnin sýna afrakstur námskeiðisins. Námskeiðin eru fyrir börn á aldrinum 8-13 ára og verður aldursskipt í hópana. Borgarleikhúsið – Anddyri Nánari upplýsingar á midi.is